

Til þeirra sem ætla að sækja um þjónustutryggingu eða breyta umsókn um þjónustutryggingu

Unnið er að breytingum á rafrænu Reykjavík til samræmis við nýjar reglur. Hafa verður í huga þegar sótt er um þjónustutryggingu í Rafrænu Reykjavík að núverandi upplýsingar og skráningarmöguleikar eru ekki í samræmi við nýjar reglur um þjónustutryggingu. Umsækjendur eru því beðnir um að hafa eftirtalin atriði í huga þegar sótt er um þjónustutryggingu eða eldri umsókn breytt.

1. **Fjárhæð.** Þjónustutrygging lækkar í kr. 25.000 frá 1. janúar 2010 og lækkar í kr. 20.000 frá 1. ágúst nk.
2. **Aldur – (6/9 mánaða – 23 mánaða).** Eins og áður er þjónustutryggingu ætlað að brúa bilið frá því að fæðingarorlofi lýkur og þar til barn byrjar í leikskóla. Fram að 24 mánaða aldri geta foreldrar valið á milli þjónustutryggingar eða leikskóla Reykjavíkurborgar eða framlags vegna annarrar þjónustu, s.s. vistun hjá dagforeldri eða í sjálfstætt starfandi leikskóla.
3. **Aldur (24 mánaða – 35/36 mánaða).** Þegar barn er orðið 24 mánaða stofnast eingöngu réttur til þjónustutryggingar ef barn er á biðlista eftir leikskólaplássi eða annarri niðurgreiddri þjónustu s.s. hjá dagforeldri eða í sjálfstætt starfandi leikskóla.
 - Áður en barn nær 24 mánaða aldri þurfa foreldrar þess að sækja um leikskólapláss hjá leikskólum Reykjavíkur eða
 - skila til Leikskólasviðs staðfestingu á að barn sé á biðlista eftir leikskólaplássi hjá sjálfstætt starfandi leikskóla eða vistun hjá dagforeldri.

Þjónustutrygging er ekki greidd eftir 24 mánaða aldur barns nema barn sé á biðlista. Þjónustutrygging er aldrei greidd vegna barna sem náð hafa 36 mánaða aldri.

4. **Skipting greiðslu á milli foreldra.** Sú breyting er gerð að þjónustutryggingu er skipt á milli foreldra þannig að hvort foreldri um sig fær greiddar kr. 12.500 á mánuði frá 1. janúar 2010 og kr. 10.000 frá 1. ágúst 2010. Eldri umsóknir foreldra halda gildi sínu en greiðsla þjónustutryggingarinnar fer eftir nýjum reglum. Verið er að vinna að breytingum á tölvukerfinu en sem stendur eru upplýsingar í rafrænni Reykjavík til samræmis við eldra fyrirkomulag. **Vegna þessa þurfa báðir foreldrar að sækja um þjónustutryggingu á sínu svæði í rafrænu Reykjavík þegar foreldrar eru í sambúð og tryggja að bankaupplýsingar komi fram í umsókn um þjónustutryggingu. Verið er að vinna að breytingum á tölvukerfinu en sem stendur verða foreldrar báðir að sækja um þjónustutrygginguna á sínu svæði í rafrænni Reykjavík til samræmis við eldra fyrirkomulag.**
5. **Réttur til þjónustutryggingar** fellur m.a. niður þegar barn byrjar í leikskóla eða Leikskólasvið greiðir framlag vegna annarra dagvistunarúræða. Hafni foreldrar boði um leikskóladvöl sem gert er ráð fyrir að hefjist eftir að barn hefur náð 24 mánaða aldri, fellur þjónustutrygging niður án fyrirvara við 24 mánaða aldur barns eða þegar boði er hafnað sé barnið eldra en 24 mánaða þegar boð berst. Það sama gildir ef plássi hjá sjálfstætt starfandi leikskóla eða dagforeldri er hafnað. Leikskólasvið getur óskað eftir staðfestingu á hvort foreldrum hafi verið boðið leikskólapláss hjá sjálfstætt starfandi leikskóla eða vistun hjá dagforeldri.

Um nánari skilyrði er vísað til reglna um þjónustutryggingu en þær má finna á heimasíðu Leikskólasviðs, www.leikskolasvid.is. Fyrirspurnir er hægt að senda á netfangið leikskolasvid@reykjavik.is.

Foreldrar eru beðnir um að tryggja að upplýsingar um netfang séu réttar í umsókn um þjónustutryggingu þar sem öll skilaboð vegna tryggingarinnar munu fara fram rafrænt.

Allar frekari upplýsingar veitir símaver Reykjavíkurborgar í síma 411 11 11.